
FÓLK Í FRÉTTUM

Útskriftarsýning í Listaháskólanum



Morgunblaðið/Ásdís

Þau Frosti, Ingibjörg, Sara María og Darri verða meðal þeirra nemenda Listaháskóla Íslands sem opna sýningu um helgina.

Einn alsherjar listhrærigrautur

Listaháskóli Íslands er að breytast í risavaxið gallerí. **Unnar Örn Jónasson** athugaði í skjóli nætur hvort nemendur skólans væru nokkuð farnir yfir um á sinni fyrstu stóru samsýningu.

UM næstu helgi opnar í Listaháskólanum stærsta myndlistar- og hönnunarsýning þessa árs, útskriftarsýning 3. árs nema skólans. Það sem áður var árlegur viðburður í Myndlista- og handíðaskólanum, heldur nú áfram í nýstofnuðum Listaháskóla. Það er alltaf spennandi að sjá útkomuna þegar tæplega 50 listamenn og hönnuðir koma saman og sýna verk sín á stórri samsýningu.

Að vanda er húsnæði skólans í Laugarnesinu lagt undir sýninguna.

Þessir annars dimmu og risavöxnu gangar gamla SS sláturhússins breytast á tveimur vikum í stærsta og ferskasta gallerí borgarinnar.

Blaðamaður hitti fyrir fjóra nemendur, þau Söru Maríu sem er í textíldeild, Frosta Friðriksson úr skúlptúrdeild, Ingibjörgu Magnadóttur fjöltæknideild og Darra Lorenzen úr málun.

Tilfinningar, drama og sköpun

Jæja eru þið að deyja úr stressi?

Ingibjörg: Ég ætlaði nú aldrei að verða neitt stressuð; það er eitthvað svo hallærislegt. Svo fékk ég stresskast í síðustu viku en er núna orðin hálf kærulaus.

Sara: Stress er ást og ég elska!

Frosti: Ég er nú svona frekar slakur, alveg ótrúlegt.

Darri: Ja, jú, soldið

F: Við nýtum stressið öll á jákvæðan hátt.

Hvað verðið þið svo með á sýningunni?

D: Það á nú ekkert að vera að tala um það.

F: Það er algjört leyndarmál. En þeir sem koma á sýninguna verða margs vísari um hvað list er!

Núna er þessi skóli búinn og þá geti þið hætt að stunda myndlist eðahönnun frá 9-5 eða hvað?

S: Í upphafi skapaði Guð himin og jörð og nú tökum við við. Þá meina ég að vera til einhverstaðar þar á milli.

F: En sumir segja að myndlist sé ekki náttúra.

I: Myndlist er ekki að gera, heldur meira svona vandræðagangur, það að vandræðast.

D: En núna getum við líka farið að gera list eftir 11 á kvöldin, því þá lokar skólinn alltaf, list allan sólarhringinn, það er alveg nýtt.

Hvað er nú það nýjasta í listinni, er eitthvað í gangi?

S: Það er listamannaleikurinn sem virkar.

I: Tilfinningar, drama – sköpun og tjáning. Það kemur inn núna í sumar.

F: Ég held að listin sé að fara út úr samfélaginu, eitthvað annað.

D: Út úr samfélaginu og út í geim. Hvað með það!

S: Já, ósonlagið er að hverfa og listin breytist – aðdráttaraflið er að dvína.

D: Þyngdarlaus list. Það er það nýjasta!!

Metnaðarfull sýning

Hver eru átrúnaðargoðin ykkar?

S: Billy Idol..... djók! (Hugsar sig um) Bara allt frá Barbapabba til heljar.

F: Ég verða að segja: Inntakið fyrir sköpunina. Það er átrúnaðargoðið mitt.

I: Maður á ekkert að vera að dýrka fólk eða stofnanir en ef maður þarf að dýrka á annað borð er nú skást að dýrka gamalt fólk eins og Louise Bourgeois.

D: Ég er sammála öllum, ég dýrka ekki neinn, held ég, nema kannski Sveinbjörn Björnsson, sem smíðaði Gula húsið á horni Frakkastígs og Lindargötu. Smíðaði heilt hús; allgjört „púff".

Er ekki mikill metnaður að standa sig á svona stórri sýningu?

I: Jú, jú en sá metnaður hefði mátt vera öll árin, finnst mér.

D: Já, það eru allir að gera svona STÓRA verkið, allt er stórt eða mikið.

F: Blessaður vertu, bullandi metnaður sem á eftir að skila sér alla leið út í samfélagið.

S: Er ekki metnaður hér eins og á nektarstöðunum? Eru þá allir vinir, engin samkeppni?

I: Það er engin samkeppni.

D: Það eru miklu heldur samskipti. Maður er að tala við fólk sem maður hefur varla séð öll þessi þrjú ár.

S: Þú meinar svona hver málar eða prjónar flottast? Held ekki.

Hvar langar ykkur svo að sýna næst?

D: Þetta er ekki lengur spurning um hvar. Það skiptir engu. Gula húsið er náttúrlega staður næstu mánaða.

S: Þar er sem sagt meira svona allstaðar og hvergi!

I: Maður á bara að sýna fyrir utan kerfið, í blómabúrinu á Hlemmi eða eitthvað.

F: Annars er þetta allt háð lögmálum um framboð og eftirspurn, er það ekki?

Eruð þið komin með fasta vinnu sem listamenn og hönnuðir?

F: Markaðurinn ræður því.

D: Peningar og list fara ekki saman, nema maður ætli að gera svona markaðslist.

I: Það er nú nóg af fólki að gera öll þessi málverk. Ég er til dæmis með heilan vegg með málverkum á sýningunni.

Leggst þessi listahrærigrautur þá vel í ykkur?

I: Ég hef trú á þeim sem eru trúir sjálfum sér.


S: Já, já, prjónaskapur er sprellifandi handverk.

I: Öll sköpun sem fer fram í gegnum hendur.

F: Bara að passa að halda sjálfstæði sínu.

Allir nemendur taka þátt í sýningunni sem verður opnuð laugardaginn 20. maí kl. 14 í húsi Listaháskólans að Laugarnesvegi 91 og stendur til sunnudagsins 28. maí.

Veðurofsi og dílóttir hundar



Morgunblaðið/Golli

Ragnheiður Jónsdóttir við verk sitt á Kjarvalsstöðum.

RAGNHEIÐUR Jónsdóttir var síðust af sex listamönnum að taka þátt í verkefninu Veg(g)ir á Kjarvalsstöðum. Að loknu sérhverju sýningartímabili var framlag hvers listamanns fjarlægt eða hulið á bak við nýtt lag af málningu sem um leið varð undirlag þess sem næst kom á vegginn. Ragnheiður hefur nú lokið sinni vinnu og verður formlega lokað kl. 17 á Kjarvalsstöðum í dag.

Ragnheiður tók við veggnum hinn 27. apríl af Gunnari Erni og gaf við það tækifæri út eftirfarandi yfirlýsingu: „Vegleysur... Þetta verður ein af þessum óvissuferðum – ég veit ekkert hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Þannig upplifi ég oft tilfinninguna að byrja á nýju verkefni. Ég hugsa mér að feta hina órannsakanlegu vegi hugarflugsins – um firnindi – vegleysur. Þar eru klettar – klungur – urð og grjót. Ferðin hefst þarna í suðvesturhorninu (50 cm frá gólfi). Takmarkið er að komast um þessar vegleysur – alls 350.000 cm² – og ná til ákvörðunarstaðar á norðausturhorninu (50 cm frá lofti) fyrir 18. maí anno 2000. Nestið er fátæklegt; nokkrir pakkar af viðarkolum – rauðvínsflaska (tóm) – ónýtu sokkarnir mínir – strokleður."

Ferðalag um vegleysur

En nú þegar ferðalaginu er lokið liggur beinast við að spyrja Ragnheiði hvert ferðinni reyndist vera heitið?

„Ég hugsaði mér verkið svipað og landakort, þannig að efri brún verksins væri norður og svo framvegis. Viðfangsefnið var vegir/veggir en verkið mitt átti að vera um vegleysur, það er ferðalag, þetta er óvissuferð um vegleysur."

Listamennirnir sex notuðu veggina sem þeir höfðu til umráða á ólíkan hátt, Ragnheiður notaði til að mynda viðarkol við vinnu sína. „Ég muldi þau niður í duft og setti í nælonsokkana mína og teikna með því," útskýrir hún. „Ég gerði teikningu sem er 14 m á lengd og 2,5 m á hæð því mér fannst njóta sín betur að hafa hvítt rými til hliðanna. Hvort þetta er stærsta teikning sem gerð hefur verið á Íslandi veit ég ekki," segir Ragnheiður en veggurinn sem listamennirnir höfðu til umráða var 24 m á lengd og 3,5 m hæð. Veg(g)ir var unnið fyrir opnum dyrum og var stöðugur straumur fólks alla daga sem komu til að sjá listamennina við vinnu sína.

Unnið fyrir opnum dyrum

„Það var mjög skemmtilegt að vinna verkið undir þessum kringumstæðum. Ég er vön því, ég á stóra fjölskyldu sem hefur fylgst með því sem ég hef verið að gera í gegnum tíðina. Ég kunni ákaflega vel við mig þarna á Kjarvalsstöðum og hafði gaman af að spjalla við fólkið."

Að sögn Ragnheiðar reyna flestir að sjá eitthvað hlutlægt út úr myndlist þegar um abstrakt-myndir er að ræða. „Það hefur verið mjög skemmtilegt að finna viðbrögð fólksins sem kom að fylgjast með og er gaman að sjá hversu mismunandi upplifun fólks er eftir aldri og kyni. Þegar ég spurði krakka hvað þau sæju á veggnum sögðust þau sjá landslag, dýr, landnámsmenn og hvað eina. Einn sá björn og annar sá dílóttan hund. Það er alveg dásamlegt hvernig þau opna sig og eru óþvinguð."

Þá segir Ragnheiður töluverðan mun hafa verið á túlkun eldra fólks eftir kyni. Karlarnir sáu sumir land í mótun sem var úfið yfirferðar. „Þá voru þeir alltaf að spá í veðrið. Einn sagði að greinilega væri þarna norðarhryssingur og blíðskaparveður fyrir sunnan, en konurnar sáu oftast konuandlit; konu með hatt, konu með uppsett hár kona og ein sá konu að geifla sig."